



ÁRSSKÝRSLA

Árið 2019



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Síðustu ár hefur stjórn Fjölmenntar haft miklar áhyggjur af minnkandi fjárframlögum til starfseminnar með tilheyrandi skerðingum á námstilboðum. Boðaður var frekari niðurskurður á fjárveitingum til starfsemi Fjölmenntar á fjárlögum ársins 2020. Stjórnendur sendu erindi til ráðherra og þingmanna og mótmæltu sífelldum niðurskurði á námsframboði til handa fötluðu fólki. Í lok árs 2019 bárust okkur síðan þau gleðilegu tíðindi að ákveðið hefði verið að hætta við fyrirhugaðan niðurskurð auk þess sem viðbótar fjármagn fékkst til starfseminnar. Þetta eru góð tíðindi fyrir starfsemi Fjölmenntar. Vilji er til að bjóða upp á samfelldar námsbrautir í meira mæli en lengi hefur verið unnt að gera og koma þannig betur til móts við óskir nemendahópsins. Það er von okkar að fjármagn leyfi frekari slíka þróun. Enn er beðið niðurstöðu vinnuhóps sem falið var að koma með tillögur að auknum náms- og atvinnutilboðum til handa fötluðu fólki. Þá er beðið endurskoðunar laga um símenntun fólks almennt. Vonir okkar standa til að í nýju lagaumhverfi og með aukinni meðvitund um mannréttindi fatlaðs fólks styrkist staða Fjölmenntar sem þekkingar- og símenntunarstöðvar.

Covid-19 faraldurinn hefur sett mark sitt á þetta starfsár. Í byrjun marsmánaðar var Fjölmennt lokað fyrir hefðbundinni kennslu vegna smithættu fyrir nemendur. Hafist var handa við að skoða leiðir til að halda áfram kennslu með öðru sniði og hefur hluti nemenda notið fjarkennslu. Þá hefur námsefni verið sett á netið auk ýmiss konar tólmstunda- og fræðsluefnis fyrir nemendur. Ákveðið var að ljúka öllum hefðbundnum námskeiðum í apríl en bjóða þess í stað upp á stutt og fjölbreytt vor- og sumarnámskeið sem standast viðmið um fjölda og nálægð milli nemenda skv. tilmælum Sóttvarnalæknis. Fjölmargar umsóknir hafa borist og verður spennandi að fara aftur af stað með kennslu í maí. Við þessar óvæntu og krefjandi aðstæður kom berlega í ljós fagmennska og sköpunargleði kennara Fjölmenntar þar sem allir lögðust á eitt við að finna góðar lausnir fyrir nemendahópinn. Það er mikill fengur af slíkum starfsmannahópi. Starfsmönnum öllum eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf við óvenjulegar aðstæður. Margt nýtt höfum við öll lært sem mun nýtast í starfsemi Fjölmenntar áfram. Stjórn Fjölmenntar horfir bjartsýnum augum til næsta starfsárs.

Reykjavík, 4. maí 2020

Fyrir hönd stjórnar Fjölmenntar,

Gerður A. Árnadóttir formaður

INNGANGUR

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi Fjölmenntar, símenntunar-og þekkingarmiðstöðvar árið 2019. Skýrslan er í 4 köflum. Fyrsti kafli fjallar um starfsemina á höfuðborgarsvæðinu. Í öðrum kafla er fjallað um starfsemi ráðgjafardeildar Fjölmenntar. Þriðji kafli fjallar um nám fyrir fólk með geðfötlun og sá fjórði er um samstarf við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Í fylgiskjöllum eru tölur um fjölda námskeiða, þátttakendur á námskeiðum, kennslustundafjöldi og fleiri tölulegar upplýsingar.

STJÓRN FJÖLMENNTAR

Stjórn Fjölmenntar skipa:

- Gerður Aagot Árnadóttir, formaður, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Kristján Sigurmundsson, varaformaður, skipaður af Öryrkjabandalagi Íslands
- Hróbjartur Árnason, ritari, skipaður af Menntavísindasviði Háskóla Íslands
- Haukur Guðmundsson, meðstjórnandi, skipaður af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Bjargey Una Hinriksdóttir, meðstjórnandi, skipuð af Öryrkjabandalagi Íslands

Varamenn:

Aileen Soffía Svendsdóttir og Sigmundur Stefánsson, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
Guðrún Barbara Tryggvadóttir og Hrönn Stefánsdóttir, skipaðar af Öryrkjabandalagi Íslands

Stjórnarfundir á árinu 2019 voru 8 talsins. Ársfundur var haldinn 20. maí.



1. STARFSEMI Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Starfstími

Vorönn

Starfsfólk mætti til starfa þann 4. janúar.

Námskeiðstímabil: 11. janúar til 15. maí

Námskeiðsdagar: 80

Fjöldi námskeiða: 151

Kennslustundir samtals: 3.051

Þátttakendur: 391

Sumarnámskeið

Námskeiðstímabil: 24. maí til 4. júní

Fjöldi námskeiða: 28

Kennslustundir samtals: 71

Þátttakendur: 80

Haustönn

Starfsfólk mætti til starfa að loknu sumarleyfi 13. ágúst.

Námskeiðstímabil: 27. ágúst til 30. nóvember.

Námskeiðsdagar: 69

Fjöldi námskeiða: 166

Kennslustundir samtals: 3.004

Þátttakendur: 433

Jólanámskeið

Námskeiðstímabil: 6. desember til 19. desember

Fjöldi námskeiða: 34

Kennslustundir samtals: 91

Þátttakendur: 109

Báðar annir ársins hófust með viku undirbúningi og samstarfi við heimili þátttakenda í upphafi námskeiða, í júní og ágúst var unnið að nýjum námskeiðum, nýsköpunar- og þróunarstarfi og að verkefnum sem vörðuðu starfseminu í heild.

Starfsfólk

Starfsfólk á vorönn 2019:

- Forstöðumaður í 100 % starfi
- 14 kennarar með samtals 209,5 kennslustundir á viku
- 11 verktakar með samtals 38 kennslustundir á viku
- 2 ráðgjafar í 50% stöðu hvor
- 1 félagsliði í 100% stöðu
- 1 starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 100% starfi
- 2 stuðningsfulltrúar með samtals 12,5 klukkustundir á viku
- Verkefnastjóri í símenntunardeild í 100% starfshlutfalli
- Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðfötlun í 25% starfshlutfalli
- Ráðgjafi fyrir iPad kennslu í 21% starfshlutfalli
- Starfsmaður vegna verktaka og námskeiða utan Fjölmenntar í 25% starfshlutfalli
- Starfsmaður vegna tölvumála í 22% starfshlutfalli
- Starfsmaður *sendiherraverkefnis* í verktöku
- Rekstrarstjóri í 50% starfi
- Fulltrúi á skrifstofu í 75% starfi

Starfsfólk á haustönn 2019:

- Forstöðumaður í 100 % starfi
- 15 kennarar með samtals 230 kennslustundir á viku
- 13 verktakar með samtals 42 kennslustundir á viku
- 2 ráðgjafar í 50% stöðu hvor
- Starfsmaður vegna erlendra verkefna í 10% starfi
- 1 félagsliði í 100% stöðu
- 1 starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 100% starfi
- 4 stuðningsfulltrúar með samtals 16 klukkustundir á viku
- Verkefnastjóri í símenntunardeild í 100% starfshlutfalli
- Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðfötlun í 25% starfshlutfalli
- Ráðgjafi fyrir iPad kennslu í 21% starfshlutfalli
- Starfsmaður vegna verktaka og námskeiða utan Fjölmenntar í 25% starfshlutfalli
- Starfsmaður vegna tölvumála í 22% starfshlutfalli
- Starfsmaður *sendiherraverkefnis* í verktöku
- Rekstrarstjóri í 50% starfi
- Fulltrúi á skrifstofu í 75% starfi

Fræðsla starfsfólks

Í kjarasamningum kennara eru ætlaðir 10 dagar á ári til endurmenntunar. Fræðslunefnd Fjölmenntar kannar þörf fyrir endurmenntun starfsfólks og reglulega er boðið upp á fræðslu sem þörf er á hverju sinni.

Í ágúst fór starfsfólk Fjölmenntar í námsferð til Berlínar. Heimsóttar voru þrjár stofnanir sem bjóða upp á nám og vinnu fyrir fatlað fólk.

Á árinu fékkst styrkur til námsferða frá Erasmus+ sem er náms- og styrkjasjóður Evrópusambandsins. Fjórir starfsmenn Fjölmenntar fóru til Kaupmannahafnar á haustönn 2019 og kynntu sér sjálfseignastofnunina *Gladfonden* sem heldur úti fjölbreyttri starfsemi fyrir fatlað fólk, bæði námi og atvinnu. Einnig var starfsemi *Center for autisme* skoðuð en það er sjálfseignastofnum sem sinnir greiningu, ráðgjöf, menntun og atvinnu fyrir fólk á einhverfurófi.

Stefnumótun

Við stofnun Fjölmenntar árið 2002 var unnin stefnuskrá þar sem mótað var hlutverk stofnunarinnar ásamt framtíðarsýn og megingildum. Margt hefur breyst frá þeim tíma bæði í hugmyndafræði og vinnubrögðum og því tímabært að taka stefnuskrána til endurskoðunar. Á vordögum var starfsdagur þar sem byrjað var á þessari vinnu undir stjórn Hróbjarts Árnasonar. Allt starfsfólk Fjölmenntar tekur þátt í vinnunni og haldið var áfram á starfsmannafundum í vetur. Markmið vinnunnar er að skýra stefnu Fjölmenntar, hugmyndafræði og hlutverk. Stefnt er að því að ljúka verkinu á starfsdögum í júní á þessu ári.

Námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi

Framboð á námskeiðum var fjölbreytt og boðið upp á námskeið í eftirfarandi námskeiðsflokkum:

Íþróttir, sund og dans

Heimilisfræði

Myndlist og handverk

Tónlist og leiklist

Mál og samfélag

Tölvu- og upplýsingatækni

Sjálfstyrking og valdefling

Námskeið Fjölmenntar eru flest haldin í húsnæði stofnunarinnar að Vínlandsleið 14.

Námskeið í íþróttum, sundi, keilu, jóga og dansi eru haldin í íþróttahúsum, líkamsræktarstöðvum og sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu.

Námskeið sem haldin eru í samstarfi við aðrar menntastofnanir

Í samvinnu við Ökuskólann í Mjódd er boðið upp á bóklega kennslu í ökunámi.

Á vorönn var námskeiðið *Tölvunám-framhald* haldið í samstarfi við tölvuskólann Promennt.

Á haustönn var námskeið í *tölvuleikjagerð* í samstarfi við Endurmenntun Tækniskólans.

Tvö námskeið voru haldin fyrir Vinnumálastofnun. Námskeiðin heita *Að verða sterkari starfsmaður* og eru endurmenntunarnámskeið fyrir fólk með þroskahömlun sem er á vinnumarkaði.

Í samstarfi við Handverkshúsið var á haustönn haldið námskeið í silfursmíði.

Dansnámskeið eru haldin í samstarfi við Dansskólann Hvönn .

Námskeiðið *Zumba í vatni* var haldið í samstarfi við símenntunarstöðina Klifið. Námskeiðið var í Sundlaug Sjálandsskóla.

Áframhaldandi samstarf er við Myndlistaskólann í Reykjavík. Myndlistaskólinn býður upp á vinnustofu í myndlist. Fjölmennt niðurgreiðir ekki það nám og greiða þátttakendur það að fullu. Fjölmennt sér um umsýslu, inntöku og skráningu. Kennurum Myndlistaskólans hefur staðið til boða ráðgjöf frá Fjölmennt en þeir hafa lítið þurft á ráðgjöf að halda.

Kennslustaðir Fjölmenntar og samstarfsaðila á höfuðborgarsvæðinu í námi fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi

Árið 2019 fór kennsla fram á eftirfarandi stöðum:

- Vínlandsleið 14
- Íþróttahús fatlaðra í Hátúni 6
- Sundlaug Endurhæfingar í Kópavogi
- Sundhöll Reykjavíkur
- World Class í Egilshöll
- Keilusalurinn í Egilshöll
- Ökuskólinn í Mjódd
- Yogasmiðjan
- Dansskólinn Hvönn, Kórinn íþróttahús
- Sjúkraþjálfunin Styrkur
- Endurmenntun Tækniskólans
- Sundlaug Sjálandsskóla
- Myndlistaskóli Reykjavíkur
- Tölvuskólinn Promennt
- Handverkshúsið
- Norðlingaskóli
- Háaleitisbraut 13

Kynningarstarf

Á heimasíðu Fjölmenntar eru upplýsingar um starfsemina og námskeiðin auglýst. Tölvupóstur er sendur til allra sem stundað hafa nám hjá Fjölmennt og vakin athygli á námskeiðunum og minnt á umsóknarfrest. Fjölmennt heldur einnig út facebook síðu. Þar eru birtar fréttir og myndir af námskeiðum. Mikil tengsl eru við aðstandendur nemenda. Í lok hvers námskeiðs er boðið uppá að þeir komi og fái yfirlit yfir það sem gert hefur verið á námskeiðinu, meta hvernig til hefur tekist og yfirfæra verkefni námskeiðs á heimavettvang. Töluvert er um að hópar komi til þess að kynna sér starfsemi Fjölmenntar, bæði innlendir og erlendir.

Skipulögð kynning var haldin fyrir útskriftarnema á öllum starfsbrautum framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu. Undirtektir voru mjög góðar og fram komu ýmsar hugmyndir að námskeiðum sem Fjölmennt gæti boðið upp á.

Í mars var gerð könnun á viðhorfum og mati þátttakenda á námskeiðum Fjölmenntar til starfseminnar. Könnunin var gerð á netinu, nafnlaus og án þess að hægt væri að rekja svör til einstakra notenda. Myndir voru notaðir til að auðvelda þátttakendum að svara sjálfir eða vera virkir þátttakendur í að svara. Einnig var könnuninni dreift án mynda, fyrir þátttakendur sem það kusu. Helstu niðurstöður voru jákvæðar fyrir Fjölmennt, en fram komu þættir sem ástæða er að taka til athugunar.

Verkefni og styrkir

Vorið 2019 fengu Landssamtökin Þroskahjálp styrk frá félagsmálaráðuneytinu til að vinna skýrslu um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á Íslandi. Fjölmennt var falið að sjá um framkvæmd verkefnisins sem stóð yfir frá apríl til september. Gerð var rannsókn sem að komu um 40 manns. Í lok rannsóknar varð gerð skýrsla sem endurspeglar raddir og viðhorf fólks með þroskahömlun til framkvæmdar samningsins. Frá árinu 2011 hefur Fjölmennt haldið utan um verkefnið „Sendiherrar samnings SP um réttindi fatlaðs fólks“.

Fjölmennt er aðili að hátíðinni List án landamæra og hefur átt fulltrúa í stjórn hennar frá upphafi.

Á hverju vori er haldin vorhátíð Fjölmenntar. Hátíðin er haldin í Gullhömrum og hana sækja um þrjú hundruð manns og er hún orðin partur af félagslífi nemenda Fjölmenntar.

Tónleikar eru haldnir tvisvar á ári, vortónleikar í maí og jólatónleikar í desember. Þeir eru haldnir í Grafarvogskirkju og þar koma fram þátttakendur á tónlistarnámskeiðum Fjölmenntar.

Fjölmennt fékk á árinu 4.000.000 króna styrk frá Öryrkjabandalagi Íslands. Undanfarin ár hefur ÖBÍ veitt Fjölmennt ríflega styrki sem komið hafa sér vel fyrir starfsemina.

2. STARFSEMI RÁÐGJAFARDEILDAR

Ráðgjafardeildin hefur 1,2 stöðugildi. Ráðgjafar eru:

- Anna Soffía Óskarsdóttir, ráðgjafi vegna mikið fatlaðs fólks í 50% starfshlutfalli
- Jarprúður Þórhallsdóttir, ráðgjafi vegna fólks á einhverfurófi í 50% starfshlutfalli
- Helle Kristensen vegna innleiðingar spjalddölu í 20% starfshlutfalli

Pungamiðja í starfi ráðgjafa Fjölmenntar er ráðgjöf fyrir þá einstaklinga sem þurfa mjög sérhæfðar kennsluleiðir, fólk á einhverfurófi og mikið fatlað fólk með fjölbættar þarfir fyrir aðstoð. Auk áherslu á notkun spjalddölu í námi sem og daglegu lífi.

Frumkvæði að ráðgjöf við kennara og aðra starfsmenn kemur nú orðið að mestu frá þeim og sem fyrr fer stór hluti ráðgjafarinnar fram á misformlegum fundum og í samtölum við kennara í dagsins önn. Ráðgjafi um spjalddölu heldur reglulega fræðslufundi með starfsmönnum sem hafa verið mjög vel sóttir.

Ráðgjafar hafa samband við alla nýja umsækjendur á meðan inntökuferli stendur yfir. Í flestum tilfellum eru síðan haldnir fundir með kennurum og hinum nýju þátttakendum ásamt talsmönnum þeirra, ýmist á heimili þeirra eða í húsnæði Fjölmenntar að vali þátttakenda. Aukist hefur að fundirnir séu haldnir í Fjölmennt þar sem afar mikilvægt er fyrir marga nýja þátttakendur að hafa komið í húsnæðið og hitt kennara áður en námskeið hefst til að auðvelda þeim að hefja námið. Kennarar sem fá þátttakendur á námskeið sín sem þeir þekkja ekki eru hvattir til að halda slíka fundi og eru ráðgjafarnir oft með á þeim fundum.

Ráðgjafar eiga sæti í fræðslunefnd Fjölmenntar ásamt fulltrúa kennara.

Ráðgjafar taka á móti fólki sem kemur til að kynna sér kennsluáðstæður, rofabúnað, stuðningsbúnað við spjalddölu og ákveðin svið í kennslu og námstilboði Fjölmenntar. Það hafa verið starfsmenn dagvista/verndaðra vinnustaða, heimila, nemar í verknámi og ráðgjafar annarrar þjónustu. Einnig fatlað fólk og talsmenn þeirra sem vilja kynna sér hvað er í boði hjá Fjölmennt áður en þau sækja um námskeið. Fatlað fólk hefur einnig sjálft frumkvæði að því að leita sértækrar aðstoðar ráðgjafa um möguleika í námi.

Vaxandi eftirspurn er eftir ráðgjöf frá nemendum og talsmönnum þeirra um tækjakaup og búnað, bæði til tjáningar og virkari þátttöku í kjölfar umfjöllunar um augnstýribúnað.

Einhverfuráðgjafi var leiðbeinandi og sá um skipulagningu og inntöku á námskeiðið Utan eða innan einhverfurófs: Hver er munurinn? sem haldið hefur verið áður og er sérstaklega sniðið fyrir fólk á einhverfurófi.

Markmiðið með innleiðingu spjalddölu er að auka möguleika þátttakenda á námskeiðum hjá Fjölmennt til að nota spjalddölu í daglegu lífi: sem tæki til valdeflingar, aukinnar sjálfsákvörðunar, innihaldsríkra samskipta og afþreyingar. Þjónusta verkefnastjóra skiptist í fjóra hluta: umræðu- og fræðslufundir fyrir starfsfólk í búsetuþjónustu og aðstandendur þátttakenda; fræðsla á starfsmannafundum og einstaklingsmiðuð ráðgjöf fyrir starfsfólk í búsetuþjónustu og aðstandendur; framleiðsla og miðlun fræðsluefnis á heimasíðu Fjölmenntar; fræðsla og einstaklingsmiðuð ráðgjöf fyrir starfsfólk Fjölmenntar.

Ráðgjafar eru faglegir tengiliðir við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Auk þess að verða við óskum símenntunarstöðvanna um ráðgjöf og fræðslu hefur ráðgjafardeildin ákveðna frumkvæðisskyldu hvað varðar að bjóða fram stuðning og ráðgjöf. Ráðgjafar höfðu samband við allar stöðvar til að minna á þjónustu deildarinnar bæði að hausti og í janúar.

3. NÁM FYRIR FÓLK MEÐ GEÐFÖTLUN

Á vorönn 2019 voru auglýst 19 námskeið á heimasíðu Fjölmennt – Geðrækt. Haldin voru 11 námskeið, 6 í húsnæði dagsetra, 1 í Myndlistarskóla Kópavogs, 1 í Íþróttahúsi fatlaðra, 1 í Ljósheimum (Jógastöð) og 2 í húsnæði Fjölmenntar.

Eitt sumarnámskeið var haldið og fór það fram á Klambratúni.

Sömu námskeið voru auglýst haustönn 2019. Haldin voru 12 námskeið á sömu stöðum og á vorönn.

Eitt jólanámskeið var haldið og fór það fram í Fly Over Iceland.

Ávallt er leitað tillagna að námskeiðum frá notendum þjónustunnar. Einnig frá þeim sem að annarri þjónustu við þann hóp koma, s.s. forstöðumönnum í búsetu og dagþjónustu, starfsfólki félagsþjónustumiðstöðva, ýmsum þjónustuaðilum hjá LSP o.fl. Aðallega bárust svipaðar tillögur og áður og fyrirspurnir um námskeið sem gætu höfðað til ungs fólks. Fram kom áhugi fyrir stuttum námskeiðum og örnámskeiðum en að einnig verði áfram boðið upp á þau námskeið sem fyrir eru.

Mikil og góð samvinna er við kennara, nemendur og þá aðila sem að nærþjónustu við nemendur koma, s.s. í búsetu og dagþjónustu og hefur skapast gott samstarf um þau námskeið sem haldin eru. Samvinna við forstöðumenn og starfsmenn á stöðum þar sem námskeið eru haldin er einnig mjög góð..

Umræðan um stöðu þessa nemendahóps, þ.e. fólks með sálrænar áskoranir (geðfötlun), hefur einkennst af því að almennt hefur fólk mjög lítil fjárráð og sækir lítið námskeið og önnur tilboð sem greiða þarf fyrir. Framboð á námskeiðum og öðrum viðburðum sem eru ókeypis hefur aukist, bæði í dagþjónustu og á öðrum vettvangi, og eru vel sótt.

Einnig hafa áherslur í þessum hópi breyst þar sem afleiðingar vímuefnaneyslu eru að verða algengari og meira áberandi að vandi ungs fólks sé margþættur. Þessar áherslur í umræðunni hafa aukist talsvert á undanförunum árum.

Verkefnisstjóri hefur í gegn um tíðina verið í samvinnu við ýmsa, sem að þjónustu við ungt fólk koma, og leitað hugmynda og leiða til að koma til móts við þann hóp. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram í gegn um tíðina og hefur m.a. verið reynt að auglýsa styttri námskeið. Fjárráðin eru einnig fyrirstaða hjá þessum hópi þegar greiða þarf fyrir námskeið og sækir hann því frekar þjónustu sem er ókeypis eða kostar lítið. Auk þess geta aðstæður þeirra oft verið erfiðar að öðru leyti.

Anna Filippía Sigurðardóttir er verkefnastjóri námskeiða fyrir fólk með geðfötlun.

4. SAMSTARF VIÐ SÍMENNTUNARSTÖÐVAR

Árið 2019 voru gerðir samningar við allar símenntunarstöðvar á landsbyggðinni fyrir utan Visku í Vestmannaeyjum. Framlög til stöðvanna námu samtals 51.647.949 krónum. Ráðgjafar Fjölmennatar eru faglegir tengiliðir við stöðvarnar og fylgjast með þeim tilboðum sem fötluðu fólki á viðkomandi svæði býðst og heimsækja stöðvarnar eftir þörfum. Eftir hverja önn skila stöðvarnar skýrslu um námskeið annarinnar og uppgjör framlagsins frá Fjölmennat. Í samningum sem gerðir eru við stöðvarnar er lögð áhersla á að samvinna sé við þátttakendur og þjónustukerfi á viðkomandi svæði þegar ákvörðun er tekin um námskeiðstilboð. Í skýrslum stöðvanna kemur fram að það er orðið viðurkennt verklag að hafa þessi tengsl við vettvanginn.

Framlög til símenntunarstöðva hafa ekki hækkað í 7 ár. Þegar þjónustusamningur við menntamálaráðuneyti verður endurskoðaður er mjög brýnt að það fari fram umræða um hvort Fjölmennat eigi að vera sá aðili sem útdeilir fjármagni til þeirra. Óánægju gætir með skiptingu fjármagns milli stöðva og beðið um að hún verði endurskoðuð og fundin verði sanngjörn regla í skiptingu fjármagns. Það er ljóst að starfsemin er öflugri þar sem hægt er að ráða fagmenntaðan starfsmann til að skipuleggja og halda utan um námið fyrir markhóp Fjölmennatar. Minni símenntunarstöðvar hafa ekki bolmagn til þess fyrir framlagið frá Fjölmennat.

Tölur yfir fjölda námskeiða, kennslustundir og þátttakendur samtals á öllum símenntunarstöðvunum:

Vorönn

Námskeið: 80

Kennslustundir: 1383

Þátttakendur: 370

Fjöldi einstaklinga sem sækja námskeiðin: 249

Haustönn

Námskeið: 80

Kennslustundir: 1253

Þátttakendur: 297

Fjöldi einstaklinga sem sækja námskeiðin: 207

LOKAORÐ

Þjónustusamningur Fjölmenntar við mennta- og menningarmálaráðuneyti rann út í lok árs 2017. Samningnum hefur síðan, að ósk ráðuneytis, verið framlengt óbreyttum þrisvar sinnum og nú síðast fyrir árið 2020. Efnisleg umræða hefur ekki farið fram síðan árið 2015 og löngu tímabært að ræða innihald samningsins.

Fjárhagsstaða ársins 2019 var góð miðað við árin á undan. Skýringar á því eru að í lok árs 2018 fengust endurgreiddar greiðslur sem ofgreiddar höfðu verið í lífeyrissjóð LSR. Einnig fékk Fjölmennt hærra upphæð á fjárlögum en ráð var gert fyrir. Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir var búið að skipuleggja starfið á vorönn en aukið við starfsemina á haustönn. Ráðnir voru tveir kennarar í eina og hálfu kennarastöðu og verktakakennsla aukin. Farið var af stað með *Listabraut* en námsbrautir hafa ekki verið haldnar undanfarin ár. Einnig var samið við símenntunarstöðina Framvegis um að halda námsbrautina *Skref til sjálfshjálpar*.

Samkvæmt ársreikningi eru 3.149.410 krónur í rekstrarafgang. Alltaf er stefnt að því að nota það fé sem stofnunin hefur til umræða í námstilboð fyrir nemendahóp Fjölmenntar. Ástæða þess að upphaflegri áætlun var ekki fylgt er að um mitt ár komu þær upplýsingar frá menntamálaráðuneytinu að framlag til Fjölmenntar yrði lækkað um rúmar 15 milljónir árið 2020. Það var því ljóst að verulegur samdráttur væri framundan. Til að milda höggið og geta staðið við skuldbindingar gagnvart þeim kennurum sem ráðnir höfðu verið til 31. júlí 2020 var ákveðið að færa upphæð sem nemur launum þeirra yfir á árið 2020. Einnig voru teknir frá fjármunir til þess að hægt væri að halda Listabrautina á vorönn 2020 eins og lagt var upp með. Vegna óviðráðanlegra orsaka var ekki hægt að kenna brautina *Skref til sjálfshjálpar* fyrr en á vorönn 2020 og þar sem búið var að gera samning við Framvegis var sú upphæð færð á milli ára. Til viðbótar eru 2,2 milljónir færðar milli ára vegna Erasmus verkefnis sem Fjölmennt tekur þátt í. Á árinu 2019 kom fyrirframgreiðsla sem ekki er búið að ráðstafa og er því færð yfir áramót. Samtals eru 14,8 milljónir króna færðar yfir á árið 2020.

Þegar þetta er skrifað er námskeiðshald að hefjast að nýju eftir tveggja mánaða lokun vegna Covid-19. Sumarnámskeið eru að fara af stað, aðsókn er góð og nemendur og kennarar hlakka til næstu vikna.

Að lokum vil ég taka undir orð formanns stjórnar hér í inngangi og þakka starfsfólki Fjölmenntar fyrir vel unnin störf við breyttar aðstæður. Í byrjun mars þurfti að breyta allri kennslu í fjarkennslu og þá kom vel í ljós sá mannauður sem Fjölmennt býr yfir. Við erum byrjuð að undirbúa haustönnina. Meðal nýjunga verður fjarnám í nokkrum námsgreinum og í boði verða tvær nýjar námsbrautir; *Íþróttabraut* og *Tækni og upplýsingabraut* ásamt fjölda nýrra námskeiða.

Reykjavík, 4. maí 2020

Helga Gísladóttir, forstöðumaður Fjölmenntar

Tölulegar upplýsingar vorið 2019

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námskeið	Fjöldi á öllum námskeiðum	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	6	90	33	21
Farskólinn- miðstöð símenntunar á Norðurl. vestra	3	46	19	15
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	4	65	25	13
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	17	278	62	60
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	5	107	57	32
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	10	131	56	48
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	29	550	52	32
Viska Vestmannaeyjum		Engin námskeið		
Þekkingarnet Þingeyinga	6	116	66	28
Fjölmennt - nám fyrir fólk með þroskahömlun	151	3.051	391	350
Sumarnámskeið - nám fyrir fólk með þroskahömlun	28	71	80	80
Fjölmennt - nám fyrir fólk með geðfötlun	11	234	43	30

270

4.739

884

709

Tölulegar upplýsingar haust 2019

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námskeið	Fjöldi á öllum námskeiðum	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	5	67	16	10
Farskólinn- miðstöð símenntunar á Norðurl. vestra	4	59	15	11
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	8	81	43	17
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	20	322	74	60
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	5	122	32	22
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	8	96	43	38
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	26	428	41	30
Viska Vestmannaeyjum		Engin námskeið		
Þekkingarnet Þingeyinga	4	78	33	19
Fjölmennt - nám fyrir fólk með þroskahömlun	166	3.004	433	359
Jólanámskeið - nám fyrir fólk með þroskahömlun	34	91	109	109
Fjölmennt - nám fyrir fólk með geðfötlun	11	234	46	38

291	4.582	885	713
-----	-------	-----	-----